- Vantar örugglega ekki leiðir til að vera meira sýnilegri heldur vantar Vegagerðin meira fjármagn!
- Vegagerð þarf hærri fjárfamlög til að standa undir sómasamlegu viðhaldi vega.
- Vegagerðin líður fyrir naumt skammtað fjármagn. Allt myndi breytast ef meiri fjármunum yrði varið til vegaframkvæmda.
- Vegagerðin þarf einfaldlega meira fjármagn til viðhalds verkefna sérstaklega og allra þeirra verkefna sem gerðar eru kröfur til hennar um að standa sig í og skila af sér. Hún einfaldlega getur ekki staðið undir væntingum vegna fjárvskorts. Vegagerðin yrði langtum sýnilegri hefði hún úr meira fé að spila og gæti sinnt nauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun í gatnakerfinu.
- Vegagerðin þarf meira fjármagn frá ríkinu og þá verður allt í lagi með hana.
- Veit ekki, fer sennilega eftir fjármagni sem er svarið við flestum spurningunum.
- Veit það svo sem ekki. Held að vandamálið sé ekki að vegagerðin sé það að stofnunin standi sig ekki vel við lagningu og viðhald vega, heldur frekar að hana vanti meira fjármagn til að viðhalda og framkvæmda. Hef þó þá tilfinningu að stofnunin sé svifasein og gamaldags í mörgu og mætti vera nútímalegri.
- Vera duglegri að halda við vegum (ég veit að pólitíkusarnir láta ekki nógan pening í viðhaldið).
- Það er sjálfsagt engin þægileg leið í fjárvseltri stofnun.
- Þarf ekki að vera sýnilegri í þeim skilningi. Þarf hærri fjárveitingar til framkvæmda.
- Þeir reyna allt, en vantar fjármag.

GEFA MEIRI UPPLÝSINGARUM FRAMKVÆMDIR/ AUGLÝSA BETUR/ PR VINNA

- Auglýsa betur hvar verið er með vegaframkvæmdir.
- Auglýsa sig meira, láta vita þegar yfirvofandi framkvæmdir eru fyrirhugaðar á álagstínum.
- Auglýsa sig og gera heimasíðuna notendavænni.
- Auglýsingar, láta vita af sér.
- Auglýsingar, markaðsefni, PR, greinaskrif, upplýsingagjöf um framtíðarsýn og hvað betur mætti gera (með auknu fjármagni).
- Auka vitund um vegakerfið með notkun samfélagsmiðla. Opna á samræðu við samfélagið líkt og lögregla hefur gert. Gefa fólk færri á að koma ábendingum á framfæri. Vakta og gera líflegt og skemmtilegt.
- Bæta í mynd með þátttöku í atvinnumála þáttum og þáttum um lífið í landinu sem víða er að finna á minni sjónvarpsstöðvum.
- Facebook.
- Facebook. Snapchat.
- Gefa viðvaranir fyrir.
- Hafa aðgengilegt yfirlit yfir þau verkefni sem eru í gangi og eru framundan og uppfæra reglulega með fregnum og myndum. En það sem aðallega plagar Vegagerðina er skortur á fjárveitingum. Vegagerðin gerir vel en vantar mikil fé til að geta innt því sem klárlega þarf að gera og löngu orðið brýnt.
- Koma á framfæri og vera með sýnilegri hvernig standa a að baki viðhaldi og endurnýjun vegakerfisins.
- Kynna betur vegaframkvæmdir og það sem að þeim snýr.
- Láta meira til sín taka.
- Með fleiri skjái fyrir ferðamanninn á veturnar í sjoppum allan hringinn um landið.
- Með því að auglýsa betur framkvæmdir á þjóðvegum og segja frá því góða sem hún hefur gert.
- Með því að halda út facebooksíður með færslum hvað er verið að gera hverju sinni og einnig að láta inn á heimasíðu vegagerðarinnar hvað er framundan.
- Með því að taka meira pláss fyrir sig og sín verkefni.
- Meiri upplýsingar í útvarpí og sjónvarpi um lokanir í Rvk.



Sp.15. Hvernig gæti Vegagerðin orðið sýnilegri?

GEFA MEIRI UPPLÝSINGARUM FRAMKVÆMDIR/ AUGLÝSA BETUR/ PR VINNA FRH

- Meiri upplýsingar til almennings um hvað sé á döfinni og hvað sé búið að gera. Koma fram í sjónvarpi, útvarpi og blöðum með upplýsingar til almennings.
- Stuttir kynningarþættir í sjónvarpi um það sem verið er að vinna við hverju sinni (staðsetning) enn fremur um færð vega hverju sinni og ítarleg kynning eða vísbending inn á síðu sem væri reglulega uppfærð um færð og mokstur á fjallvegum. T.d. hvaða daga er opnáð hvar og hve lengi fram eftir degi er haldið opið. T.d. ég hrungi frá Ísafirði og fæ svanið um helstu leiðir þar í kring og kannski Bróskulda, Bröttubrekku og svo framvegis. Leiðir allra liggja til höfuðstaðarins.
- Upplýsingaskilti á helstu umferðaræðum.

ÞARF EKKI AÐ VERA SÝNILEGRI

- Á ekkert að vera sýnilegri.
- Á vegagerðin að vera sýnileg? Gæði og gott ástand vega á að vera sýnilegt.
- Engin ástæða til að vera sýnilegri.
- Er ástæða til að hún sé sýnilegri sem slík? Tel svo ekki vera. Best standa vel og vanda til verka og þá yrði ímynd betri í kjölfarið. Vegagerðin er ríkisbatterí þar sem forstjórin og eflaust fleiri eru með allt of há laun m.v. Eðli stofnunnarinnar. Lækka þau, ímynd upp?
- Er virkilega einhver þörf á því? Í fullkomnum heimi vissum við ekki af Vegagerðinni, enda aðallega neikvæðar fréttir þegar eru einhverjar fréttir?
- Hef bara ekki hugmynd um það. Einnig spurning hvort hún þurfi eitthvað að vera sýnileg. Leggja bara meiri áherslu á að laga þjóðvegi landsins.
- Hún er sýnileg þar sem á við.
- Hún þarf ekki að vera sýnilegri.
- Hún þarf þess ekki, bara sinna sínu vel, hér eftir sem hingað til.
- Hvers vegna ætti hún að verða sýnilegri?
- Mér finnst ekki að vegagerðin ætti að vera sýnileg.
- Mér finnst ekki nauðsynlegt að Vegagerðin verði sýnilegri.
- Sé ekki þörf á að hún sé sýnilegri. Heimasíðan er góð, skýr og sýnileg annað hjá vegagerðinni þarf ekki að vera sýnileg.
- Til hvers að vera sýnilegri?


- Vegagerðin á ekkert að vera endilega sýnileg. Hún á bara að vinna sín verk og vera á verði um hvað þurfi að gera.
- Vegagerðin þarf ekki að vera sýnileg míin vegna, heldur hafa vagi landsins í góðu standi svo maður þurfi ekki að velta vegagerðinni fyrir sér.
- Veit ekki af hverju hún ætti að vera sýnilegri, vefsíðan þeirra er góð og aðgengileg. Þeir laga vagi. Það er sýnleikinn.
- Þarf hún að vera sýnilegri? (2)
- Þarf hún að vera sýnilegri? Þeir bjóða út flest verk og það eru verktakar sem sjá um þetta að mestu leiti og mér sýnist það virka ágætlega svo langt sem það nær sökum fjárveitinga frá ríkinu.

ANNAD

- Best að þeir vinni á nóttunni.
- Ekki hugmynd.
- Er í lagi.
- Hafa meira af blikkandi ljós á.
- Hef ekki hugleitt það. (2)
- Hef ekki hugmynd. (3)
- Hreinlega veit það ekki.
- Já, þegar stórt er spurt verður fátt um svörl.
- Lögð niður.
- Mynda mér ekki skoðun á því.
- Reka þessa gömlu karla sem sitja bara á rassinum og hirða launin.
- Tekið norsku vegagerðina til fyrirmyndar með verkefninu þjóðlegir þjóðvegir: <http://www.nasjonaleturistveger.no/en>
- Ugglaust alltaf hægt að gera betur.
- Vegagerðin á að sjá um allar hraðamyndavélar og fá gjöldin af þeim til sýn.
- Veit ekki. (12)
- Veit það ekki. (2)
- Vil ekki svara.
- Þeir þurfa að finna út úr því.
- Þeirra mál að gera sig sýnilegri. (2)


Sp.16. Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?

	Fjöldi	%
Mjög örugg(ur) (5)	25	3,2
Fremur örugg(ur) (4)	280	36,1
Í meðallagi (3)	308	39,7
Fremur óörugg(ur) (2)	141	18,1
Mjög óörugg(ur) (1)	22	2,8
Gild svör	776	100,0
Gildir svarendur	776	97,5
Svöruðu ekki	20	2,5
Heildarfjöldi	796	100,0





Sp.16. Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?





Sp.16. Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?

	Gild svör	Örugg(ur)	Í meðallagi	Óörugg(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	776	39,4	39,7	20,9	3,19
Kyn*					
Karl	384	48,4	34,9	16,7	3,35
Kona	393	30,5	44,3	25,2	3,03
Aldur*					
Yngri en 25 ára	110	54,5	33,6	11,8	3,47
25-34 ára	152	45,4	38,8	15,8	3,34
35-44 ára	145	35,2	40,0	24,8	3,09
45-54 ára	142	28,9	43,7	27,5	2,99
55 ára og eldri	226	37,6	40,3	22,1	3,14
Búseta*					
Reykjavík	308	46,1	36,0	17,9	3,30
Nágr.sveitarfélög Rvk.	196	35,7	42,9	21,4	3,15
Önnur sveitarfélög	271	34,3	41,7	24,0	3,10
Kjördæmi*					
Reykjavík-Norður	177	40,7	39,5	19,8	3,22
Reykjavík-Suður	131	53,4	31,3	15,3	3,40
Suðvestur	196	35,7	42,9	21,4	3,15
Norðvestur	70	35,7	50,0	14,3	3,19
Norðaustur	110	40,0	35,5	24,5	3,19
Suður	91	26,4	42,9	30,8	2,91

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp.16. Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?

	Gild svör	Örugg(ur)	Í meðallagi	Óörugg(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	776	39,4	39,7	20,9	3,19
Fjölskyldutekjur*					
399 þúsund eða lægri	167	42,5	41,9	15,6	3,28
400-549 þúsund	99	43,4	33,3	23,2	3,25
550-799 þúsund	144	47,2	35,4	17,4	3,32
800 þúsund eða hærri	275	32,7	43,6	23,6	3,07
Menntun					
Grunnskólapróf	124	35,5	40,3	24,2	3,13
Framhaldsskólapróf/lónmenntun	280	41,4	38,9	19,6	3,22
Háskólapróf	362	39,5	40,1	20,4	3,20
Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?*					
Jákvæð(ur)	419	49,9	34,8	15,3	3,38
Í meðallagi	241	30,7	46,5	22,8	3,05
Neikvæð(ur)	110	20,0	40,9	39,1	2,78



*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

FAGMENNSKA VEGAGERÐARINNAR



Sp.17. Myndir þú segja að hjá Vegagerðinni væri fagmennska almennt mikil eða lítil?

	Fjöldi	%
Mjög mikil (5)	40	5,4
Fremur mikil (4)	295	40,4
Í meðallagi (3)	328	44,8
Fremur lítil (2)	52	7,1
Mjög lítil (1)	16	2,2
Gild svör	731	100,0
Gildir svarendur	731	91,8
Svöruðu ekki	65	8,2
Heildarfjöldi	796	100,0





Sp.17. Myndir þú segja að hjá Vegagerðinni væri fagmennska almennt mikil eða lítil?

	Gild svör	Mikil	Í meðallagi	Lítil	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	731	45,8	44,8	9,4	3,40
Kyn*					
Karl	367	53,4	38,7	7,9	3,50
Kona	364	38,2	51,1	10,7	3,29
Aldur					
Yngri en 25 ára	99	48,5	43,4	8,1	3,41
25-34 ára	139	52,5	38,8	8,6	3,48
35-44 ára	136	44,1	49,3	6,6	3,42
45-54 ára	137	40,1	46,7	13,1	3,26
55 ára og eldri	220	45,0	45,5	9,5	3,41
Búseta*					
Reykjavík	281	51,6	42,0	6,4	3,52
Nágr.sveitarfélög Rvk.	189	42,3	47,6	10,1	3,34
Önnur sveitarfélög	262	42,0	45,8	12,2	3,31
Kjördæmi*					
Reykjavík-Norður	160	46,9	46,3	6,9	3,49
Reykjavík-Suður	120	58,3	36,7	5,0	3,56
Suðvestur	189	42,3	47,6	10,1	3,34
Norðvestur	67	34,3	55,2	10,4	3,28
Norðaustur	108	53,7	36,1	10,2	3,43
Suður	87	33,3	50,6	16,1	3,17

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp.17. Myndir þú segja að hjá Vegagerðinni væri fagmennska almennt mikil eða lítil?

	Gild svör	Mikil	Í meðallagi	Lítil	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	731	45,8	44,8	9,4	3,40
Fjölskyldutekjur					
399 þúsund eða lægri	157	44,6	49,7	5,7	3,44
400-549 þúsund	93	39,8	41,9	18,3	3,20
550-799 þúsund	138	46,4	47,1	6,5	3,43
800 þúsund eða hærri	266	47,7	41,4	10,9	3,41
Menntun*					
Grunnskólapróf	121	43,8	47,1	9,1	3,38
Framhaldsskólapróf/lönnmenntun	258	38,0	49,2	12,8	3,25
Háskólapróf	344	52,3	41,0	6,7	3,51
Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?*					
Jákvæð(ur)	409	64,3	32,5	3,2	3,70
Í meðallagi	214	24,8	66,4	8,9	3,16
Neikvæð(ur)	106	17,0	49,1	34,0	2,70

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp.18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

Þeir sem sögðu fagmennsku Vegagerðarinnar fremur mikla, í meðallagi, fremur litla og mjög litla (sp 17) fengu þessa spurningu.

AUKIÐ FJÁRMAGN

- Auka fé til hennar, vantar fólk vegna álags v/ túrista.
- Auka fjárframlag til þeirra.
- Auka fjárfamlög til hennar svo efla megi starfsemina og gera auknar kröfur um fagmenntun starfsfólks. Ekki vil ég með þessu kasta rýrð á þá fagmenntun sem fyrir er í fyrirtækinu, hún er umtalsverð og er starfsfólk upp til hópa afar fær á sínu sviði og fagmenntun sem til staðar er mikil þó vitanlega megi alltaf gott bæta.
- Auka fjárfamlög.
- Auka fjármagn til hennar.
- Auka fjármagn til viðhalds vega.
- Auka fjárveitinguna.
- Auka framlög m.a.
- Auka til þeirra fjármagn svo þeir geti betur sinnt sínum lögbundnu skyldum.
- Aukið fjármagn.
- Aukin fjárfamlög og framkvæmdir.
- Bæta meira í sjóðinn við viðgerðir og setja malbik allaleið á kantana.
- Ef hún hefði meira fé til skiptanna gengi Vegagerðinni eflaust betur í viðhaldi vega. Hún er fjárvelt sem aldrei fyrr.
- Ef peningarnir skiluðu sér til vegagerðinar svo hægt væri að gera eitthvað.
- Ef þeir fengju það fjármagn sem þarf væri allt í hæðsta gæðaflokki hjá Vegagerðinni.
- Er þetta ekki allt spurning um fjármagn?
- Ég held að Vegagerðin sé að standa sig mjög vel en orsókin fyrir því sem er ábótavant sé vegna fjárskorts.
- Ég tel að Vegagerðin hafi fagfólk, peningaskortur stendur þeim fyrir þrifum.
- Fagmennska er ágæt hjá Vegagerðinni miðað við fjármagn, samt er of oft verið að lagfæra stutta kafla með miklum kostnaði við að koma tækjum á staðinn. Múlagöng eru dæmi um líelega fagmennsku hjá Vegagerðinni. Ferðatími milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar á veturna eru 16-20 mín, en á sumrin er hann 35-50 mín.

- Fagmennska Vegagerðarinnar í framkvæmd () er háð fjárveitingum til að framfylgja sínum lögbundnu () skyldum. Forsenda þess - í stað ríkjandi ráðherraráðis - ER að kjörnir þingmenn sem fara með umboð kjósenda hjá löggjafar- og fjárlagavalldinu Alþingi komi sér saman um forgangsröðun á fjárveitingum til aðkallandi verkefna með tilliti til almannahags, sem hér er spurt um.
- Fjárfamlög til Vegagerðarinnar eru allt of lág. Fyrirtækið stendur sig mjög vel miðað við fjárfamlög.
- Fjölgja mannskap og meira fjármagn.
- Held að stærsti vandin sé fjárvelti, það er ekki svigrúm til að viðhalda vegakerfinu, hvað þá að byggja það upp á nútímalegan hátt.
- Hækka hjá þeim laun.
- Líklega með meira fjármagni.
- Með auknu fjármagni, sem er augljóslega ekki nægt.
- Með auknu fjármagni.
- Með auknum fjárfamlögum frá ríkinu.
- Með auknum fjárfamlögum og vinna af meiri fagmennsku við ferju og höfn Vestmannaeyjarferjunnar. Þar er eina vöntun fagmennsku Vegagerðarinnar og veruleg vöntun.
- Með auknum fjárfamlögum væri hægt að auka snjómokstur.
- Með auknum peningum geri égráð fyrir.
- Með meira fjármagni því Vegagerðin er svelt af fjármagni eins og aðrar stofnanir.
- Með meira fjármagni.
- Með meiru fjármagni frá ríkinu.
- Meira fjármagn til að viðhalda vegum.
- Meira fjármagn, en það er ekki jafn einfalt og það hljómar svo hún er nánast eins góð og hún er fær um.
- Meira fjármagn.
- Meiri peninga í fyrirtækið.
- Meiri peninga til vegagerðarinnar.
- Meiri peningar. (2)



Sp.18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

AUKIÐ FJÁRMAGN FRH

- MIKLU MEIRA FJÁRMAGN.
- Stór auka fjárfamlög væri fyrsta skrefið.
- Til dæmis með því að einblína ekki bara á kostnað við valá undirverktökum. Það að sína undirverktaka endalaust, leiðir bara til gjaldþrota þeirra eða þess að þeir geti ekki framkvæmt verkið af fagmennsku.
- Vegagerðin er ekki með nóg fjármagn til að vinna öll þau verkefni sem ætlast er til að hún vinni.
- Veit ekki en kannski með meira fjármagni.
- Veit ekki, vantar sennilega fjármagn.
- Vætanlega með auknu fjármagni!
- Þar kemur aukin fjárveiting enn inní myndina.
- Þetta er spurning um að ríkið setji meiri fjármagn í þennan málaflokk. Tel að vandinn liggi nokkuð þar, Vegagerðin reynir að sinna sínu eftir bestu getu.
- Þyrfти að fá meira fjármagn.

AUKIN KENNSLA/ MEIRI PEKKING/ NÝTT FÓLK

- Fræðsla.
- Hafa fólk sem hefur vit á vegagerð.
- Hafa menn þarna með meira verksvit þannig að þeir gætu verið skilvirkari í tali.
- Hafa viðeigandi menntað starfsfólk og að sérfræðingar vinnivel saman og miðli sína milli.
- Held að það sé fagmaður í hverju rúmi. Þeim ætti að fylgja ef það kemur framkvæmdafé.
- Með aukinni kennslu.
- Með aukinni þekkingu og reynslu starfsmanna. Vegagerðin sjáí sjálf um rekstur og mokstur vegakerfisins í stað þess að bjóða allt út og fá vanhæfa drullusokka í verkin!
- Með meiri notkun á dómgreind.
- Með skynsemi.
- Með því að auka á menntun starfsmanna, einnig metnað.
- Meiri þekkingu.
- Nýliðun og yngja upp fagmenntaða hluta starfsmannahópsins.
- Ráða fólk með reynslu á des sum scarfs vettvangi.
- Sennilega með betri menntun.

- Sjálfsagt eins og aðrir gera, með símenntun og uppfærslu á tækni og þekkingu en svo eru það merkingarnar þær mættu vera úfærðar af meiri fagmennsku. Það er örugglega hægt að fara á námskeið um það hjá öðrum þjóðum, sem kunna að merkja mun betur ef framkvæmdir eru í gangi.
- Stjórnkerfi Vegagerðarinnar er gamalt og úrelt, þar sitja menn til að viðhalsa kerfinu með það að leiðarljósi að verja störf sín. Með því að skera þetta kerfi upp væri hægt að nýta skattfé okkar mun betur.
- Það er búið að eyðileggja Vegagerð ríkisins með því að taka í burt alla vana karla sem þekktu til verka og vita hvernig best er að vinna verkin.
- Þarna þyrfu að vera yngri menn og menn látnir sæta ábyrgð ef þeir gerðu mistök. Ekki æviráðningar.

BREYTINGAR Á VEGUM EDA VEGKERFI

- Aðreinar og fráreinar þyrfu að vera fleiri við miklar umferðargötur.
- Breiðari vegir. Betri útskot fyrir fólk að stoppa hjá skoðunarstoðum. sbr, Slysið á Sólheimasandi.
- Byggja upp láréttu vegi. Ekki láta þá halla út í kantana.
- Hafa tvíbreiða vegi... Alls staðar á landinu en ekki einbreiða í hvora átt.
- Holur í vegum víðsvegar um borgina hafa hvarvetna verið alveg rosalega áberandi. Umræðan hefur verið í gangi lengi en lítið hefur breyst. Vegirnir úti á landi eru mjög þróngir og þess vegna óþægilegir og bara hreinlega hættulegir. Því þarf að breyta.
- Laga streymi umferðar í þéttbýli sem dreifbýli.
- Mála vegi betur bæta einbreiðar brýr t.d.
- Með almennilegu viðhaldi vega. Einbreiðar brýr ættu ekki að fyrirfinnast á hringveginum.
- Með því að bæta vegakerfi landsins. Forgangsraða betur og hugsa til framtíðar. Eilifar reddingar sem duga skammt. Verða að hætta að horfa svo skammt fram á við.
- Með því að ráða sérfræðinga sem sannanlega eru menntaðir innan vegagerðar og vegupplýsingrafraðum. Ásamt því að fylgja einum staðli en ekki 10 í hönnun vega. Vegir á Íslandi eru alltof mjóir fyrir og alltof mikið af óþarfa beygum.



Sp.18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

BREYTINGAR Á VEGUM EÐA VEGKERFI FRH

- Nota almennilegt efni í gerð vega innan t.d. Reykjavíkur. Ótrúlega margar götur í höfuðborginni eru hræðilegar, holar og sprungur, vegna þess að Vegagerðin hefur notað ódýrt efni sem nýtist í stuttan tíma. Frekar að fá dýrara efnið sem endist þá mun lengur.
- Nota betra malbik... og gera vegina breiðari, einnig með vetrarhreinsun - hún er til skammar á mörgum stöðum því miður.
- Sjá betur hvar vegir þurfa að vera breiðari.
- Vegir breiðari, öruggari kantur, meiri gæði í efninu sem er notað, undir og yfir.
- Við hönnun á vegum, gera meira af útskotum og vinna almennt að meira öryggi á vegum.
- Það þarf að breikka vegi en ekki að þrengja þá hér á höfuðborgarsvæðinu. Einnig að gera tvær akreinar út úr höfuðborginni í norðurátt og einnig til höfuðborgarinnar. Sem sé frá Hvalfjarðargöngum og til og frá Reykjavík.

BÆTA MERKINGAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

- Auka merkingar á vegum.
- Fleiri merkingar.
- Held að hún sé eitthvað að aukast en það vantar frekari upplýsingagjöf um fyrirhugaðar framkvæmdir.
- Í Bandaríkjunum hef séð fleiri aðvörunarskilti áður en maður kemur að kafla þar sem framkvæmdir standa yfir. Mjög stór skilti sem eru nokkurs konar tölvuskjáir með fáum litum en miklum upplýsingum eða leiðbeiningum í textaformi. Þessi skilti birtast manni í mörgum eintökum og talsvert löngu áður en maður kemur að framkvæmdastað.
- Laga vegi, auka merkingar.
- Leggja meiri vinnu í að malbik sé ekki allt í holum og svo hef ég séð talsvert af skiltum um lókanir gatna þrátt fyrir að framkvæmdum sé lokið og göturnar eru opnar á ný.
- Með auknu öryggi og öryggisbúnaði á vinnusvæði. Aldrei er of varlega farið.
- Með betri merkingum við framkvæmdir.
- Með fleiri upplýsingaskiltum.
- Meira upplýsingaflæði og betri merkingar á vegum, t.d. á hættulegum vegaköflum.
- Troða snjó á heiðum fyrir austan. Svara spurningum almennilega þegar spurt er um færð á vegum. Skrá betur upplýsingar um færð á heimasíðu.
- Veit svo sem ekki - en enn betri aðvaranir um einbreiðar brýr og malarvegi.

- Vera sýnilegri.

- Það mætti bæta merkingar við framkvæmdir á vegum úti. Það mætti setja hringtorg á þjóðveginni við hættuleg gatnamót þar sem banaslys hafa orðið (og koma til með að verða við óbreytt ástand). Par má t.d. nefna vegamótin í Varmahlíð og vegamótin á Moldhaugnahálsi við afleggjarann út á Dalvík. Mislæg gatnamót er dýr en hringtorg kosta sama og ekki neitt. Skil ekki hvers vegna vegagerðin setur þau ekki fleiri á hringveginn.
- Þeir þurfa að átta sig á hvernig vegmerkingum er best háttáð, setja kant- og miðju-illur, setja vegvísa í nægilegri fjarlægð frá þeim gatnamótum (eða öðru) sem þeir eiga við til þess að ókunnugir geti áttað sig (ekki bara nota næsta tilfallandi staurl), fylgjast með hvernig hlutunum er best háttáð úti í heimi (svo sem í Bandaríkjunum, Frakklandi, Þýskalandi og víðar) en ekki bara kaupa allt á "face-value" af Norðmönnum. (Fara þeir kannski bara til Noregs?)

FÁ SÉRFRÆÐINGA TIL AÐ META ÞRÖF/ EKKI HLUSTA Á PÓLITÍKUSA

- Fylgjast með ástandi vega.
- Hlusta a heimamenn með vegstæði og þegar vegir eru endurnýjaðir, skilja þá ekki eftir einbreiðar brýr á nýja vegkaflanum til dæmis í Svíndalí Hvalfirði.
- Hlusta á heimamenn þegar verið er að velja ný vegstæði.
- Hlusta betur á heimamenn þegar vegstæði er ákvæðið, og bregðast fljótar við þegar lagfæra þarf skemmdir. Svo vantar að skila peningum til vegagerðar sem teknir eru af okkur í eldsneytisgjaldi og var ætlað til vegagerðar.
- Hætta að láta pólitíkusa ráða því hvernig verk sem heyra undir Vegagerðina eru framkvæmd. Ég er viss um að innan Vegagerðarinnar þá er fólk með faglegan metnað en það er allt of oft ekki hlustað á það þar sem allt of oft koma skipanir ofan frá um það hvar og hvernig eigi að gera hlutina.
- Með auknu fjármagni gæti Vegagerðin farið að setja sér raunhæf markmið um uppbyggingu þessa hluta innviða þjóðfélagsins, sem nú hafa komist í kastljósíð vegna ferðamennskunnar. En gæta verður þess að sérhagsmunapot einstakra byggðarlaga ráði þá ekki ferðinni, eins og svo oft vill verða á ólyðræðislega skipuðu Alþingi.
- Með menntun á yfirstjórn ekki bara einhver frá pólitík.



Sp.18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

FÁ SÉRFRÆÐINGA TIL AÐ META ÞRÖF/ EKKI HLUSTA Á PÓLITÍKUSA FRH

- Með því að auka fjárfamlög til hennar verulega. Með því að hreinsa til og reka þá sem hafa fengið stöður vegna pólitískra eða vensla tengsla. Þetta á við um ríkisbáknioð í heild og ekki síst ráðuneytin. Ævirðning er augljóslega ekki skynsamleg.
- Með því að láta umferðartæknileg atriði ráða för en ekki pólitíkska greiðasemi, leggja áherslu á að bæta fjölfarna vegi, t.d. þjóðveg 1 en ekki eyða stórfé í afdalavegi - Skagafjörður er ágætt dæmi þar sem þjóðvegurinn frá brúnni yfir Héraðsvötn að Miðsitju er hættulegt drasl á meðan lagðar eru hraðbrautir fram í Skagafjarðardölum þar sem nánast engin umferð er.
- Með því að notuð væri almenn skynsemi og hlustað á fólk með reynslu af mismunandi aðstæðum en ekki nær aðeins stuðst við útreikninga og excelskjöl án tillits til staðbundinnar þekkingar sem og aðstæðna.
- Nota nýja og spennandi ráðgjafa við hönnun og útfærslur en ekki alltaf gamla útbrunna karla og kerlingar sem alltaf leggja fram sömu lausnirnar!
- Raða verkefnum eftir þarfum ekki samkvæmt þeim sem frekjest mest.
- Ráða óflokkabundið fagfólk.
- T.d. með því að láta eftirlitsaðila meta hvar þarf að salta vegi - það getur verið að hálkublettir séu á öðrum stöðum en skrifstofumenn hafa áætlað og þá ættu þeir sem sjá um að salta að hafa heimildir til þess að salta á þessum stöðum. Fylgjandiaðhaldi en að setja GPS eftirlitskerfi á það hvar bílarnir salta er óboðlegt og eiga starfsmennirnir betra skilið. Við vegfarendur einnig sem erum í hættu vegna þess að skrifborðskarlar/-kerlingar ákveða hvar megi salta og hvar ekki.
- Vera opnari fyrir lausnum í vegagerð. Fjárhagsleg hagkvæmni ræður of miklu, farið út í vegagerð sem fylgir of mikil rask.
- Vera sýnilegir og vinna í öllum kjördæmum ekki bara fyrir sitt Krummaskuð.

LEITA UPPLÝSINGA ERLENDIS/ANNAR STAÐAR FRÁ

- Auka þekkingu annars staðar frá.
- Byrja á því að líta á landið sem eitt svæði, loka hurðum fyrir pólitíkusunum, stofna hóp hugsandi fólks sem metur hvar mesta þörfin er fyrir vegabætur og heimta að hún sjálf ráðstafi þeim peningum sem hún fær og byggja það á humyndum hópsins. Það hlýtur að vera hægt að gera þetta af skynsemi, landsmönnum öllum til góða. Eins þarf Vegagerðin fyrst að hugsa um Íslendinga og láta túristana mæta afgangi. Reyndar þurfum við að hugsa þannig á öllum sviðum því við eignum heima hérna, þeir eru gestir.
- Fylgja alþjóðlegum stöðlum.
- Hafa önnur lönd sér til fyrirmynnar, þar sem akstur er öruggari og góðar vegamerkingar, og fylgja eftir nýjustu og bestu tækjum og þekkingu.
- Láta aðra frá öðrum löndum sjá um verkið.
- Leita ráðgjafa erlendis.
- Leita sér upplýsinga erlendis frá.
- Með því t.d. að kynna sér vegamerkingar erlendis og innleiða það hér. T.d. það að upplýsa vegfarendur í tæka til áður en kemur að gatnamótum, ætli þeir að beygja.
- Meiri fagmennsku og hætta þessum merkilegheitum um að þeirra framkvæmdir séu þær séu einu réttu og ekkert annað.



Sp.18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

ANNAÐ

- ?
- Að þeir ferðuðust um vegi landsins með augum ferðamannsins og akstursgetu þeirra, þá sér maður vegina með annari sýn.
- Auka öryggi á vegum.
- Einkavæða Vegagerðina.
- Ekkert svar.
- Er í lagi.
- Ég er mjög hrædd við vegi sem eru byggðir hátt upp í landslaginu. Það mætti jafna hæð þeirra og fækka einbreiðum brúum. En eftir að hafa búið í Bandaríkjunum þar sem vegakerfið er mjög laskað þá eru íslenskir vegir almennt mjög góðir og merkingar góðar líka.
- Ég veit það ekki. Pekki ekki til innviða eða hvernig valið er þangað inn.
- Gera hana meira modern.
- Geri mér ekki grein fyrir innra starfi þeirra.
- Góð spurning.
- Hafa meira fólk til að framkvæma vinnu - þá sést fagmennska á bak við hanabetur.
- Hafa upplýsingar á fleiri tunguálum.
- Hef bara ekki vit á því, því miður.
- Hef ekki hugleitt það.
- Hef ekki hugmynd.
- Hef ekki skoðun.
- Hef ekki vit á því.
- Hef ekki þekkingu til að dæma.
- Hugarfarsbreyting.
- Hætta að miða við staðla á öðrum Norðurlöndum t.d. Hellisheiði algjört klúður frá a-ö.
- Hætta að semja við landeigendur og leggja vegina og borga þeim sanngjarnar bætur.
- Já það held ég.
- Kann ekki á það.




- Meiri peningar. Setja fleiri gögn á netið. Til dæmis alla bílateljara. Setja á netið alla peninga sem þeir fá og kostnað sem þeir borga.
- Sama svar og áðan.
- Skipta út drýldna upplýsingafulltúanum.
- Skipta út því fólk sem hefur að gera með Landeyjahöfn.
- Veit ekki. (4)
- Veit það ekki. (2)
- Verkin tala.
- Það er þeirra.
- Öryggi mínu er ekkert endilega ógnað af Vegagerðinni, heldur ferðalöngum sem aka gáleysislega.

FRAMSÝNI VEGAGERÐARINNAR



Sp.19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?

	Fjöldi	%
Mjög framsýna (5)	21	3,0
Fremur framsýna (4)	151	21,7
Í meðallagi framsýna (3)	356	51,1
Ekki framsýna (2)	150	21,5
Alls ekki framsýna (1)	19	2,7
Gild svör	698	100,0
Gildir svarendur	698	87,6
Svöruðu ekki	99	12,4
Heildarfjöldi	796	100,0





Sp.19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?

	Gild svör	Framsýna	Í meðallagi	Ekki framsýna	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	698	24,6	51,1	24,3	3,01
Kyn					
Karl	370	27,3	47,8	24,9	3,03
Kona	328	21,6	54,9	23,5	2,98
Aldur					
Yngri en 25 ára	82	18,3	52,4	29,3	2,90
25-34 ára	138	20,3	57,2	22,5	2,97
35-44 ára	133	29,3	46,6	24,1	3,06
45-54 ára	132	19,7	53,8	26,5	2,88
55 ára og eldri	213	30,0	47,9	22,1	3,11
Búseta					
Reykjavík	263	28,9	45,2	25,9	3,04
Nágr.sveitarfélög Rvk.	179	21,8	58,7	19,6	3,03
Önnur sveitarfélög	256	22,3	51,6	26,2	2,95
Kjördæmi					
Reykjavík-Norður	147	27,9	40,1	32,0	2,97
Reykjavík-Suður	116	30,2	51,7	18,1	3,13
Suðvestur	179	21,8	58,7	19,6	3,03
Norðvestur	67	20,9	55,2	23,9	2,93
Norðaustur	104	24,0	50,0	26,0	2,99
Suður	85	21,2	50,6	28,2	2,91

Ekki var marktækur munur á milli hópa.



Sp.19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?

	Gild svör	Framsýna	Í meðallagi	Ekki framsýna	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	698	24,6	51,1	24,3	3,01
Fjölskyldutekjur					
399 þúsund eða lægri	145	24,1	49,7	26,2	2,99
400-549 þúsund	83	26,5	44,6	28,9	2,98
550-799 þúsund	135	20,0	56,3	23,7	2,94
800 þúsund eða hærri	259	26,3	51,0	22,8	3,03
Menntun					
Grunnskólapróf	108	27,8	44,4	27,8	3,02
Framhaldsskólapróf/lönnmenntun	253	19,4	54,5	26,1	2,92
Háskólapróf	327	27,8	50,8	21,4	3,08
Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?*					
Jákvæð(ur)	385	39,2	47,5	13,2	3,30
Í meðallagi	205	8,8	63,4	27,8	2,78
Neikvæð(ur)	106	2,8	39,6	57,5	2,35

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp.20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

Þeir sem sögðu Vegagerðina fremurframsýna, í meðallagi, ekki framsýna og alls ekki framsýna (sp 19) fengu þessa spurningu.

AUKIÐ FJÁRMAGN

- Aukið fjármagn til framkvæmda.
- Aukið fjármagn.
- Eflaust meira fjármagn.
- Fá fjármagn.
- Fá meira af peningum.
- Fá meira fjármagn til að getað framkvæmt meira. Geta lítið gert með þessar krónur sem þau fá úthlutað ár hvert.
- Fá meira fjármagn til vegarframkvæmda. Til að geta fylgt áætlunni eftir.
- Fá meiri fjárfamlög.
- Fá meiri fjárveitingu.
- Fá meiri framlög til verkefna.
- Fá meiri pening til framkvæmda.
- Fá meiri pening.
- Fé.
- Fjármagn og metnað.
- Fjármagn.
- Hún er framsýn í framkvæmdum, en allt snýst þetta um peninga.
- Hún þyrfti á meira fjarmagni að halda.
- Hækka hjá þeim launin.
- Innspýtingu fjármagns.
- Með auknum framkvæmdum en þá vantar aukið fjármagn.
- Meira fjármagn.
- Meiri pening.
- MIKLU MEIRA FJÁRMAGN.
- Vantar fjármagn.
- Vegagerðin þarf að fá meiri framlög til vegagerðar. Við þurfum að setja skatt á erlenda ferðamenn og nota þann pening til að breikka allan hringveginn tvíbreiðan. Þetta á að vera forgangsmál.
- Það vantar ekkert upp á framsýni; bara meira fjármagn til vegamála.
- Þarf meiri peninga til þessa málaflokks + aukin kennsla.

- Þeir takmarkast sjálfsagt að fjárfamlögum á hverjum tíma, en þeir þyrftu eflaust að berjast meira fyrir framlögum til stofnunarinnar og geta þannig vonandi verðið framsýnni.
- Þessum spurningum er effit að svara, reikna með að Vegagerðin myndistanda sig betur ef meira fé væri veitt til hennar.

BETRI FORGANGSRÖÐUN OG SKIPULAG / HORFA TIL FRAMTÍÐAR

- Athuga hvar mesti umferðarþbunginn er, sérstaklega túrista á sumrin og halda þeim vegum betur við.
- Betra skipulag.
- Byggja vegi, tvöfalda strax með aðskildum akgreinum og hætta að plástra málin.
- Ef þeir ætla í framkvæmd eins og að taka frá lóð fyrir Sundabraud.
- Ekki finna upp hjólið! Notast við þekkingu sem fyrirfinnst í nágrannalöndunum!
- Ekki kasta krónum fyrir aura, vera ekki með endalausar byrjanir og hálf kláruð verk. Byrja á færri verkefnum en klára þau.
- Gera áætlanir sem standast og ekki vera endalaust í að plástra vegi landsins.
- Gera áætlun til næstu 20 ára.
- Gera langtímmarkmið.
- Gera ríkari kröfum um góða vegi - á borð við hraðbrautir í Evrópu, t.d. uppfylla bestu staðla um öryggisbúnað. Hætta að verja fé í hluti sem skipta litlu máli fyrir umferðaröryggi s.s. of mikla lýsingu á dreifbýlisvegum.
- Gera vegaáætlun til næstu 50 ára. Ekki til næstu 5 ára.
- Geta gert betri áætlanir og þurfa meira fjarmagn.
- Hafa möguleika á að gera skynsamlegar áætlanir fram í tímann um uppbyggingu vegakerfisins. Enn einu sinni snýst það um fjármuni.
- Heilbrigð hugsun er eina sem þarf til að sjá hvað betur má gera.
- Horfa björtum augum fram í tímann.
- Horfa meira til framtíðar.
- Horfa til framtíðar (til dæmis!!!).
- Horfa til lengri tíma en eflaust vantar þar fjármagn eins og annars staðar. Hafa kannski meira samráð við FÍB og tryggingarfélögini.



Sp.20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

BETRI FORGANGSRÖÐUN OG SKIPULAG / HORFA TIL FRAMTÍÐAR FRH

- Huga meira að fleri valkostum í samgöngum og sýna meira frumkvæði í skipulagsmálum.
- Huga mætti að fjölgun bifreiða í landinu og reikna þannig út hvað þarf að gera, breyta og bæta. Einnig hvað sé hægt að gera NÚNA til að bregðast við þessari miklu fjölgun.
- Hugsa fram á við.
- Hugsa hraðar.
- Hugsa til framtíðar - lengra en ár fram í tíma.
- Hugsa til framtíðar við vegagerð.
- Hugsa út fyrir boxið.
- Klára verkið á hverjum stað fyrir sig í stað þess að vera með mörg verk í langan tíma.
- Leggja meiri áherslu á að leggja bundið slitlag í stað þess að eyða peningum í viðhald malarvega.
- Leggja meiri áherslu á fjölfarna vegi og sleppa því að grafa göng á fáfarna vegi t.d. Vaðlahæðagöng og Vestfjarðagöng.
- Leggja meiri áherslu á vegi þar sem umferðin er t.d. yfir 1000 bílar á sólarhring. Láta hina vegina mæta afgangi.
- Með appi, auglýsingum sem grípa fólk og eru jafnvel sniðugar (t.d. eins og auglýsingar Sorpu).
- Með meiri skipulagningu fram í tímann.
- Meta hluti betur.
- Mig grunar að það sé skammtímalausn að malbika einn fermeter þar sem hola hefur myndast, því það verður til þess að malbikið verður ójafnt og nánast jafn slæmt og það var fyrir. Auk þess væri hægt að nota steypu á þær götur sem mest umferð er svo ekki þurfi að malbika á hverju sumri með tilheyrandi lokunum.
- Nýta nýja tækni og horfa fram í tímann í stærri mæli ekki bara 5 ár heldur 20. Bæði atriðin krefjast þó fjármuna sem ég veit að ekki eru tryggir, hvað þá til margra ára í senn, og því erfitt að láta af þeim verða.
- T.d. hefla miklu oftar, laga Skógarströndina, ég keyrði hana í júlí og hún var hræðileg og sama á við um fleiri vegi heyri ég.
- Taka mið af mikilli aukningu á umferð og auknum hraða, einnig miklum þungaflutningum, þarf viðhald á vegum og betri vegi til að anna því.

- Tel að liggi fyrir áætlanir og forgangsraðanir hjá Vegagerðinni og enn og aftur er það fjárskortur sem kemur í veg fyrir framkvæmdir.
- Vera ágengari í því að gera umferðarmannvirki sem eru tillengri framtíðar. Yfirlétt of skammsýn sjónarmið sem ráða för.
- Vera viðbúin að taka á móti meiri umferð og sjá um viðhald áður enn það verður enn dýrara.
- Vinna betur að hvar mesta álagið er.
- Það er ódýrara að setja EINBREITT malbik á vegi í dreifbýli, eins og gert er í Evrópu heldur enn að eyða peningum í að bera ofan í og hefla.
- Það þurfa allir framtíðarsýn. Þurfum að fylgjast með hvað er að gerast í kringum okkur og fara með straumnum í stað þess að "hlaupa á sama stað"... Upplýsa ! Hafa þor og dug ...ögra sjálfum sér.
- Þegar það er verið að malbika vegi eða setja bundið slitlag er nauðsynlegt að það sem er sett á veginn endist, svo að það endist.
- Þetta er alltaf spurningin um rannsóknarvinnu og framtíðarspá, um breytingar t.d. á umferð og hversu mikil eftirsprungin verður síðar. Markmiðin láta okkur horfa fram á veginn. Að fylgjast með þróun og því hvað aðrar þjóðir hafa gegið í gegnum getur líka hjálpað.
- Þurfa að hugsa meira um hver verður þörfin eftir 10-20 ár, ekki bara núna.

BREGÐAST VIÐ AUKNUM FJÖLDA FERÐAMANNA

- Bregðast fyrr við auknum fjölda ferðamanna.
- Fjöldi ferðamanna hefur aukist gríðarlega en viðhald vega dregist saman. Það er lítil framsýni fólgin í því að dragast aftur úr.
- Forgangrsáða þéttbýlin um allt land fram yfir ferðamannastaði.
- Huga að komu ferðamanna og laga til á vínssælum ferðamannastöðum.
- Kynna sér af fagmennsku þann aukna fjölda sem um vegi landsins fara. Skoða tölur um aukningu innlendra og erlendra ferðamanna. Gefa út fræðsluhefti í bílaleigubíla.
- Leggja fram áætlun um brekkun vega, leggja af einbreiðar brýr og auka upplýsingar til ferðamanna.



Sp.20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

BREGÐAST VIÐ AUKNUM FJÖLDA FERÐAMANNA FRH

- Nútímaþvæðast og ganga af hörkum fram í vegabótum - vegakerfið ræður engan veginn við aukna ferðamennsku t.d.
- Skoða þróun í ferðamannaströmu, fólkssjölgun, fjöldi bifreiða o.s.frv.
- Það þarf að bæta vegi út á landi í átt að ferðamannastöðum. Vegirnir þurfa að þola álagið og vera lokað á milli þannig að maður hætti að mæta bílum.

BREYTINGAR Á VEGUM EÐA VEGAÐERFI

- Að byggja vegi betur upp og breikka þá og passa betur upp á hvítu línumnar, að þær séu vel sýnilegar og fleiri útskot.
- Auka þjónustu, losna við ALLAR einbreiðar brýr, breikka þjóðveg 1, og þar sem hægt er, tvöfalta hann allan, bæta verulega snjómoksturs þjónustu og hálkuvörn. Malbika vegi ekki olíubera þá, jafnvel steypa vegi í stað þess að olíubera þá og þar sem vegir eru olíubornir þá þarf Vegagerðin að valta yfir nokkrar ferðir í stað þess að láta okkur sem um vegina fara þjappa þá yfir sig.
- Breikka vegi talsvert, útrýma einbreiðum brúm, gera ráð fyrir fjölgun ferðalanga með öðrum úrræðum s.s. að fjölda útskotum.
- Breikka vegi, auka öryggi og skoða hvað er gert í stærri löndum.
- Breikka vegi, sérstaklega í dreifbýli.
- BRT kerfi eða léttlest.
- Fjölda þarf útskotum á þjóðvegi eitt. Það er víða ekki hægt að stoppa svo km skipti. Fækka einbreiðum brúm, tvöfalda vegi.
- Fleiri göng.
- Gera meira að bæta það sem er ábótavant.
- Gera vegina öruggari, breikka vegaxlir, tvöfalda Vesturlandsveg, gera veginn í Skötufirði í Djúpinu tvíbreiðan, fækka einbreiðum brúm.
- Horfa til Svíþjóðar og þeirra þáttu sem Svíar hafa lagt áherslu á varðandi öryggi. Það eru t.d. mjög fáar vinstri beygjur úti á þjóðvegum en í staðinn eru útskot og síðan er ekið þvert yfir veginn.
- Hætta með 1+2 vegi fara strax í 2+2 vegi.

- Malbika og lagfæra vegi líka í dreifbýli.
- Sennilega að gera betri vegi. Þetta er nú eins og að aka á lélegum sveitavegum. Svo á þetta að fylgja Evrópustaðli - skil það ekki alveg, engan vegin sambærilegir vegir við Evrópu.
- T.d. fækka einbreiðum brúm i stað þess að laga þær.
- Til dæmis - færa þjóðveg númer eitt, Hringveginn, af Breiðdalsheiði yfir á firði.
- Tvöfalda vegi frekar en að þrengja. Fleiri útskot svo ferðalangar geti stokkið út fyrir myndatöku.
- Tvöfalda veginn frá Reykjavík til Geysis og Hvolsvallar. Einnig klára ómalbikaða kafla á Hringveginum.
- Umferðin er löngu orðin of mikil fyrir vegina þarf úrbætur. Breikka vegi. Enga repjuolíu sem verður flughál.
- Útrýma einbreiðum brúm. Breikka vegi. Hækka hámarkshraða í 110.
- Vegagerðin þarf meira fé til framkvæmda. Síaukin umferð sérstaklega erlendir ferðamenn þurfa betri leiðarmerkingar fleiri velmerkt útskot á fallegun stöðum til myndatöku. Engar vegaxlir eru á vegum í dreifbýli og því ekki hægt að stöðva til að tala í síma.
- Vegum hrakar í dreifbýli og þyrfti að stórauka viðhald vega til að fyrirbyggja slys á vegum. En Vegagerðina skortir fjármagn og því ekki við hana að sakast í sjálfu sér.
- Þegar breytingar eru gerðar á hringveginum þarf alltaf að velja stytta leiðina nema hún sé 10 sinnum dýrarí en hinár.
- Þeir laga sömu vegkaflana aftur og aftur í stað þess að færa veginn og þar að leiðandi er minna viðhald, einnig á veturna minnkar snjómokstur a umtöluðum vegköflum, t.d. Milli Breiðdalsvíkur og Fáskrúðsfjarðar á Austurlandi.
- Þeir þurfa að breyta stefnu sinni með að vera ekki að þrengja vegi hér á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf að breikka vegina. Einnig að gera tvær akreinar út úr höfuðborginni í norðurátt og einnig til höfuðborgarinnar. Sem sé frá Hvaljarðargöngum og til og frá Reykjavík.



Sp.20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

BÆTA MERKINGAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

- Er mjög ánægð með vinnuna þeirra en þesss dagana er það þrennt sem ég mundi vilja breyta vegna mikillar auknunar á umferð. Mín tillaga varðar 1. Múlagöng: Fyrirbyggja hætturnar þar með að búa til einstefna með að hafa 10 eða 15 mín ísenn grænt ljós á meðan hinu megin er rautt ljós. Íslendingar er lagt til að bíða á slæmum vetrardögum í Dalvík og Ólafsfirði áður þeir leggja af stað og eru því ekki í snjóflóðahættu. 2. Að vetrarlagi mætti Vegagerðin koma upplýsingum á heimasíðuna og í útvarp-mæla með einhverju hámarkshraða íslæmu kringumstæðum. (t.d. 50km/60 km/70 km....) 3. Hafa betri fræðslu fyrir útlendinga sem keyra um. Þeir þurfa að vita af reglu, því þeir að stoppa hvar sem er á þjóðveganum okkar.
- Margt sem þarf að lagfæra og gera sambærilegt og er í Evrópu, varðandi merkingar á vegum, skilti og þess háttar. Verulega ábótavant hér á landi.
- Með fleiri upplýsingaskiltum. Vegagerðin þarf meira fjármagn svo þeir verði ekki stöðugt að elta skottið á sér í að eltast við vegaviðgerðir.
- Merkja vegina betur. Það er svo auðvelt að villast ef maður fer eftir skiltunum.
- Veita betri upplýsingar.

FÁSÉRFRÆÐINGA Í AÐ META ÞÖRF/ EKKI HLUSTA Á PÓLÍTÍKUSA

- Ekki pólitískt baktjaldamakk.
- Ég held að svörin við þessu séu þegar komin fram hjá mér. En þeir gætu líka unnið betur með þjóðinni, fengið hana í lið með sér til að þrýsta á hærri framlög frá Ríkinu og lofta út öllum þessum pólitískra fnyk sem leggur af Vegagerðinni.
- Held það þurfi viðhorfsbreytingu hjá stjórnvöldum og auknar fjárveitingar en ekki að skorti framsýni hjá Vegagerðinni.
- Hlusta á þá sem hafa reynslu og þekkingu á aðstæðum hvað mig snertir þá er maður oft í kvíðakasti að keyra í umferðinni í dag.
- Hún þyrfti að verða laus undan pólitískum hael valdhafanna. Hún á að hafa skyldur og fjármagn.
- Kanna aðstæður áður en ákveðið er að leggja vegi hér og þar, t.d. á hálendi þar sem vegir eru stundum á fáránlegum stöðum - það er ekki nóg að skoða kort!

- Kannski ætti Vegagerðin að koma meira fram og segja álit sitt á forgangsröðun verkefna, í stað þess að setja alltaf upp hundshaus og hlýða þegjandi misbeitingu valds einstakra ráðamanna?
- Opnari fyrir athugasemdu heimamanna er varðar vegstæði og vegagerð. Of mörg dæmi um illa valin vegstæði.
- Vegagerðin þarf að lúta lýðræðislegu stjórnvaldi en ekki pólitískri greiðasemi og óorðuðum heildaráætlunum skrifræðisins sem hvergi birtast almenningi. Dæmi um þetta er fyrirhuguð vegstytting með vegarlagningu úr Fagranesi í Langadal að Stóru-Giljá. Það er ófaglegt að sætta sig ekki við að sú framkvæmd verður ekki samþykkt nema með pólitísku ofbeldi - þess vegna á Vegagerðin að bæta veginn frá Fagranesi og til Blönduóss en ekki láta hann grotna niður einsog nú er verið að gera. Vegagerðin á ekki að móta samgöngukerfið með leyniáætlunum sem skriffinnar búa til. Vegalagning á að lúta lýðræðislegum ákvörðunum.
- Yfirvöld hverju sinniþurfa að hvetja til þess að settir séu meiri peningar, til verka og þekkingar.
- Þetta hangir allt á peningum til vegamála frá Alþingi.

ANNAÐ

- ? (3).
- Byggja og sjá um klósett við þjóðvegi og víkka hlutverks sitt í að sjá um aðgengismál til að dreifa ferðamennumsku um allt landið.
- Einkavæða.
- Er í lagi.
- Ég veit það ekki. Þekki ekki til innviða eða hvernig valið er þangað inn.
- Fara að vinna eins og menn.
- Gera það sem hún gerir best, að halda vegakerfinu góðu. Ekki gera sig sýnilegri, what the fuck for?
- Get ekki svarað því.
- Get ekki svarað.



Sp.20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

ANNAD FRH

- Horfa til þess að hafa undirverktaka sem samstarfsaðila en ekki þræla sem er hægt að henda eftir notkun eða gjaldþrot þeirra. Vegagerðin verður að fá meira fjármagn til framkvæmda og viðhalds. Ef stjórnendur geta ekki sótt það til ráðamanna verður að fá nýja stjórnendur.
- [Http://www.nasjonaleturistveger.no/en](http://www.nasjonaleturistveger.no/en).
- Klára Landeyjahöfn.
- Litlu.
- Margt.
- No comment.
- Sama svar og áðan.
- Sjá fyrra svar.
- Sjá svar hér á undan.
- Skil ekki spurninguna. Er það ekki fjárveitingarvaldið sem ræður mestu um gæði vega?
- Tölувert mörgu.
- Veit ekki, er ekki kunnug þessu máli.
- Veit ekki. (11)
- Veit ekki. Meiri pening.
- Veit það ekki.
- Verkin tala.